

Nr. 22-047 S 033 *Amelía Rose****Fékk í skrófunu***

Skipaskr.nr. 2856
Útgerð: Seatrips ehf
Smíðaður: ASTILLERO BELLOT 2003, Stál
Stærð: 191.42 BT.
Mesta lengd: 34.14 m Skráð lengd: 26,76 m
Breidd: 7.45 m Dýpt: 1,96 m
Vél: CATERPILLAR 673 kW, 2003
Fjöldi skipverja: 5
Fjöldi farþega: 44

**Gögn:**

LHG

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 1. júlí 2022 var skipið á siglingu á Engeyjarsundi. Veður: vestan 4 m/s sjólítið.

Skipverjar urðu varið við högg. Vélstjóri fór þá niður í vélarúm og sá að gír stjórnborðsvélar hitnaði og lykt kom frá ástengi milli gírs og stjórnborðsvélar. Stöðvaði vélstjórinn báðar vélar sem voru mjög heitar. Var skipið stöðvað um 650 metra vestan við Engey og rak í ANA (sjá mynd 1). Var ákveðið að reyna ekki að sigla til hafnar á annarri vélinni heldur fá annað skip frá útgerðinni til að draga Amalíu Rose til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom eftirfarnandi fram:

- Um borð í skipinu voru 44 farþegar og 5 manna áhöfn.
- Í skipinu eru tvær vélar hvor um sig með aðskilið kælikerfi.
- Hiti á gír stjórnborðsvélar hafði aukist en gírin virkaði.
- Vélstjóri skipsins kúplaði báðum vélum frá.
- Skipverjar álitu að eitthvað hefði farið í skrófur skipsins.

- Þegar skipið var komið í tog að 43 mínútum liðnum og var það þá 123 metra frá landi (sjá mynd 1)



Mynd 1

- Þegar komið var til hafnar og kafað var niður að skrúfunni kom í ljós að landfestatóg hafði flækst í stjórnborðsskrúfunna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.